



Framkvæmda- fréttir

1. tbl. / 15



Dettifossvegur og göngubrýr við Elliðaárvog hlutu Vörðuna 2014

Vegagerðin veitir viðurkenningu vegna hönnunar og frágangs samgöngumannvirkja á þriggja ára fresti. Dórnafnd skilaði niðurstöðu sinni fyrir árin 2011-2013 í desember sl. Niðurstaðan var að veita Vörðuna í tveimur flokkum að þessu sinni, annars vegar í flokki vega og hins vegar í flokki brúa. Verkefni sem dórnafndin valdi til viðurkenningar eru:

Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss

Göngu- og hjólréiðabrýr við Elliðaárvog

Viðurkenningarskjöl verða afhent síðar og verða þá birt nöfn viðtakenda hér í blaðinu.

Varðan - tilgangur

Tilgangurinn með viðurkenningunum er að efla vitund um útlit og frágang mannvirkja meðal starfsmanna og verktaka Vegagerðarinnar, stuðla að umræðu þar um og að vitna um

ákveðinn vilja yfirstjórnarinnar á þessu sviði. Svæði Vegagerðarinnar tilnefna þau mannvirki sem þau telja skara framúr hverju sinni. Dórnafnd fer á vettvang og skoðar allar tilnefningar og metur þær.

Þetta í fimmta sinn sem þessi viðurkenning er veitt hjá Vegagerðinni. Samkvæmt verklagsreglunni skal hvert svæði Vegagerðarinnar tilnefna 1-2 mannvirki, sem lokið var við á árunum 2011-2013. Alls voru tilnefnd 7 verkefni og skoðaði dórnafndin öll mannvirkin og mat þau á vettvangi. Hér á eftir er gerð grein fyrir mati dórnafndar í stafrófsröð verkefna.

Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss

Framkvæmdin fól í sér mikla breytingu á samgöngukerfi svæðisins með bættu aðgengi ferðamanna að náttúruperlum sem og auknu umferðaröryggi vegfarenda. ▶

VARÐAN 2014,
viðurkenning Vegagerðarinnar
fyrir mannvirki 2011-2013



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 1. tbl. 23. árg. nr. 641 12. janúar 2015

Ritsjórn
og umsjón útgáfu:

Viktor Arnar
Ingólfsson

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Oddi

Ösk um áskrift sendist til:
Vegagerðin

Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7

105 Reykjavík
eða með tölvupósti til:
vai@vegagerdin.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útbóðs-framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útbóð eru kynnt, útbóðsauglysingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafæni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Útgáfa er óregluleg og nokkrar vikur geta liðið milli tölublaða. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur, fjölmiðlar og áhugafólk. Áskrift er endurgjaldslaus.



Í dómnefnd Vörðunnar voru að þessu sinni frá vinstri talið: Aron Bjarnason deildarstjóri á framkvæmdadeild, Helga Aðalgeirsdóttir landslagsarkitekt á hönnunardeild og Eiríkur Bjarnason forstöðumaður áætlanadeildar. Matthildur B. Stefánsdóttir deildarstjóri í gæðadeild var ritari nefndarinnar. Myndin er tekin á áningarstað við Vopnafjörð.

► Verkið fólst í nýbyggingu vegarins frá Hringvegi norður að Dettifossi og nýbyggingu tengingar af Dettifossvegi að Dettifossi. Þá var einnig um að ræða gerð tveggja útskota, eins áningarstaðar við Dettifossveg og gerð bílastæðis við Dettifoss. Klæðing var lögð á vegi, útskot og áningarstað en bílastæði við Dettifoss var malbikað.

Nýi vegurinn er uppbyggður og fellur vel að landslagi, með ágæta hæðar- og planlegu sem uppfyllir kröfur í veghönnunarreglum Vegagerðarinnar.

Frágangur var unninn í samráði við Umhverfisstofnun og Landgræðsluna. Nokkuð sérstakt verklag var viðhaft við frágang á fláum þar sem misstórir steinar voru settir hér og þar utan öryggissvæðis, í stað þess að slétta alveg. Þetta var gert til að auka flæði milli vegarins og landslagsins í kring, þar sem grjót og holt standa á stöku stað upp úr sandinum.

Hámarkshraði á tengingu að Dettifossi er merktur 70 km/klst. en svo er leiðbeinandi hraði í beygjum 50 km/klst. Að mati dómnefndar væri betra að hafa 50 km/klst. á allri tengingunni.

Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárveg

Sérstök mannvirki sem rísa upp úr borgarumhverfinu. Brýrnar stytta leiðina milli Grafarvogs og miðborgar umtalsvert eða um 700 m.

Átján metra hár þríhyrndur píramídi með skástögum í brúargólfið. Brúargólfin sem hanga í burðarvirkinu eru 36 metra löng með burðargrind úr stálbitum og holplötum með steypu lagi. Brýrnar eru 4,5 m breiðar.

Að mati dómnefndar hefði frágangur á gróðursvæði milli brúnna mátt vera betri, en þar var talsvert af illgresi. Öryggi á brúnum er ekki nógu gott, því að það vantar aðskilnað gangandi og hjólandi umferðar, auk þess er nokkur hættu á að hjólað sé á handrið.

Norðausturvegur (85), tenging Vopnafjarðar

Verkið fólst í nýbyggingu Norðausturvegar til Vopnafjarðar með nýrri veltengingu við þéttbýlið þar sem gerður var áningarstaður og bæjarhlið. Einnig var nýbygging vegar milli Hofsó- og Vesturárdals, Hofsóárdalsvegur svokölluð milli-dalaleið.

Umráddir vegkaflar voru lokaáfangi í tengingu Vopnafjarðar ►

Dómnefndin vann eftir matskerfi þar sem hverju mannvirki var gefin einkunn. Hún endurskoðaði fyrra matskerfi og gaf nú stig fyrir:

- Umferðarsjónarmið
 - Samræmi við markmið framkvæmdarinnar
 - Mikilvægi fyrir samfélagið
 - Upplifun vegfarenda
 - Umferðaröryggi
- Fagurfræði
 - Veglega
 - Aðlögun að landslagi og/eða arkitektúr
 - Heildarfergurð
- Útfærsla
 - Frágangur
 - Vegbúnaður
 - Áningarstaðir, bílastæði og/eða sérstök umhverfismótun

Þessi atriði voru síðan vegin saman og heildarmiðurstaðan réð vali dómnefndar.




Norðausturvegur (85), tenging Vopnafjarðar.



Vaðlaheiðargöng, staða framkvæmda fyrir jólafrí 22. desember 2014. Búið er að sprengja samtals 3.420 m sem er 47,5% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.206 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.vadlaheidi.is



Norðfjarðargöng, staða framkvæmda fyrir jólafrí 20. desember 2014. Búið er að sprengja samtals 4.837 m sem er 63,9% af heildarlengd.

Heildarlengd ganga í bergi 7.542 m, vegskálar ekki meðtaldir. Sjá: www.austurfrett.is



Snæfellsnesvegur um Haffjarðará.

við Hringveg sem byrjað var á árið 2000 með veltengingu inn á Norðausturveg við Brunahvammsháls.

Nýi vegurinn leysir af hólmi gamlan, mjóan, burðarlítinn malarveg sem uppfyllti engan veginn nútíma kröfur þar sem fara þurfti veg með kröppum beygjum og mjög bröttum brekkum upp/niður úr Hofsdal. Hann liggur um 100-300 m neðar í landinu á um 11-12 km kafla og með jöfnum litlum halla niður í Vesturárdal. Vegurinn er með bundnu slitlagi, jafnri og góðri legu í landinu og hefur stórbætt vegasamgöngur til og frá Vopnafirði, auk þess sem millidalaleiðin bætir mikið vegasamgöngur innan sveitar í Vopnafirði.

Ný veltenging inn í þéttbýlið á Vopnafirði liggur vel í landinu ofan við þéttbýlið þar sem er snyrtilega hannaður áningarstaður með miklu útsýni yfir Nýpslón. Að mati dómnefndar er lokafrágangur þar þó ekki nógu góður, asfalt ofan á hellum, vantar klæðingu á hluta bílastæða og illa sléttuð klæðing á hluta þess.

Bæjarhlíð er ofan við innkomuna yst við þéttbýlið. Með nýrri veltengingu fer flutningaumferð til og frá hafnarvæðinu stystu leið út úr þéttbýlinu í stað þess að fara í gegnum þéttbýlið að stórum hluta.

Verkið er vel unnið, frágangur á fyrrgreindum vegum og

svæðinu við þá, auk efnistökuastaða, er góður. Ólokið er þó við frágang á tveimur námum og uppgræðslu á svæðinu að hluta.

Í Vesturárdal ofan Hauksstaða er lítill hóll sem var varðveittur og telur dómnefnd það til fyrirmyndar.

Snæfellsnesvegur (54) um Haffjarðará

Ný 80 m löng brú, á fallegum stað yfir veiðiá, í stað einbreiðrar brúar frá 1965 og endurbygging Snæfellsnesvegur að brúnni á um 1 km kafla. Eldri brú frá 1912 nokkru neðar í ánni var lagfærð og gerð sem ný.

Nýja brúin yfir Haffjarðará er mjög falleg og fellur vel að umhverfinu en vegna beinnar aðkomu sjá vegfarendur aðeins takmarkaðan hluta brúarinnar þegar þeir aka yfir hana.

Gamla brúin er á fallegum stað og er hún nokkuð snotur, en því miður sést hún ekki frá þjóðveginum og það vantar aðgengi að henni því að hún liggur á einkavegi.

Að mati dómnefndar hefði mátt leggja meiri alúð í smáatriði varðandi útlit við endurhönnun gömlu brúarinnar.

Suðurstrandarvegur (427)

Vegurinn liggur um fjölbreytt landslag og fjölmörg hraun sem sum hver eru runnin á jarðfræðilegum nútíma. Veglínur voru valdar með það að markmiði að draga úr áhrifum vegarins á umhverfi og menningarminjar.



Haffjarðará, gömul brú eftir endurbyggingu.



Suðurstrandarvegur (427).

Verkið fólst í nýbyggingu Suðurstrandarvegur (427) í tveimur áföngum:

Á milli Krýsuvíkurvegar og Þorlákshafnarvegur á 33,6 km löngum kafla ásamt 2,3 km löngum tengingum við hann, smíði 12 m steyprtar bitabrúar á Vogsóss neðan Hlíðarvatns í Selvogi, auk ræsa, grjótvarnargarða, reiðstígs og girðinga.

Á milli Ísólfsskála og Krýsuvíkurvegar á 14,6 km löngum kafla ásamt gerð tenginga við hann, lögn ræsa, gerð reiðstíga og girðinga.

Að mati dómnefndar spilla opnar námur við vesturenda vegarins útliti hans. Á kafla um hraunið vestast virka öryggisvæði ekki nógu breið því að skeringar eru mjög brattar og falla ekki nógu vel að landslagi. Auk þess vantar áningarstaði og upplýsingaskilti við veginn.

Strandavegur (643),

Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur

Smíði nýrrar brúar í stað einbreiðrar brúar á Staðará og nýr 2,8 km langur vegur.

Vegurinn liggur að mestu með ströndinni. Falleg rofvoörn og frágangur á öllu vegsvæðinu er til fyrirmyndar. Að mati dómnefndar er mjög góð aðlögun að landi og mjög góður frágangur skeringa.

Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá

Nýbygging á 15,9 km frá Þverá í Kjálkafirði að Þingmannaá í Vatnsfirði.

Vegurinn liggur um viðkvæmt svæði, sérstaklega innan friðlandsins í Vatnsfirði og fer út í fjöru á köflum. Víða hefur þurft að fella landslagið að veginum með miklum skeringum og fyllingum. Allur frágangur er góður.

Vegurinn er mjög fallegur á kafla þar sem gróðurinn í gömlu sjávarbökkunum hangir fram yfir kletta ofan vegar, en að mati dómnefndar hefði uppgræðslan mátt vera í meira samræmi við umhverfið.

Varðan 2014

Dómnefndin ákvað að veita Vörðuna í tveimur flokkum að þessu sinni, annarsvegur í flokki vega og hins vegar í flokki brúa. Verkefni sem dómnefndin valdi til viðurkenningar eru:

Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss

Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog

Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss

Vegurinn liggur um ógróið sandsvæði vestan Jökulsár á Fjöllum. Hann leysti af hólmi niðurgrafinn og hlykkjóttan vegslóða með mörgum blindhæðum og litlu burðarþoli. Vegurinn er uppbyggður og það hefur tekist að fella hann ▶



Strandavegur (643), Djúpvegur - Geirmundarstaðavegur.



Vestfjarðavegur (60), Þverá - Þingmannaá.



Dettifossvegur (862), Hringvegur – Dettifoss.

► að landslaginu, þannig að náðst hefur fram tæknilega góð veglína sem eykur öryggi vegfarenda, án þess að draga úr upplifun þeirra af sérstöku landslaginu. Frágangur er góður og einfaldur, unninn í samráði við yfirvöld þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og Landgræðsluna. Áningarstaður og bílastæði eru vel heppnuð hvað varðar staðsetningu, gerð og frágang.

Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog

Göngu- og hjólabrýr yfir Elliðaárósa eru tákni um breytta tíma með áherslu á sjálfbæran samgöngumáta. Áhugaverð og

skemmtileg upplifun á hjólaleið um Geirsnef gerir hjólréiðar að valkosti þeirra sem eiga erindi milli bæjarhluta vestan og norðaustan Elliðaáa.

Þríhyrndur grunnflötur er teygður upp í hyrnu. Formið er dregið upp úr miðju flatarins af fjórða horninu. Bitarnir þrjú tengjast saman í toppi hyrunnar og tylla sér á einfaldar undirstöður við árbakkann. Þetta er burðarvirki brúarinnar sem ber lárétt þunnbyggt brúargólfið með stögum. Leitast var við að lágmarka efnisnotkun með því að gefa brúnum stöðugt grunnform, sem jafnframt er sérkenni þeirra.



Göngu- og hjólabrýr við Elliðaárvog.

Brýrnar mynda eina samfellda heild á milli árbakka. Brúargólfin eru samtengd með stíg sem sveigist eftir manngerðu landslagi Geirsnefsins og breikkar við áningarstaði.

Verkkaupar voru Reykjavíkurborg og Vegagerðin.

Lokaorð frá dómnefnd

Dómnefnd sú, sem skipuð var til að annast veitingu Vörðunnar 2014, hefur nú lokið störfum.

Dómnefndin hefur enn á ný fundið fyrir vaxandi áhuga á þessu máli meðal starfsmanna Vegagerðarinnar. Því er vonast til að veiting viðurkenningarinnar hvetji Vegagerðarfólk, ráðgjafa og verktaka áfram til að leggja sig stöðugt fram við

hönnun, gerð og frágang samgöngumannvirkja. Dómnefndin telur mikla breytingu hafa orðið til batnaðar á undanföllum 15-20 árum við hönnun, gerð og frágang samgöngumannvirkja. Hversu stórt hlutverk Varðan spilar þar er þó ómögulegt að segja til um.

Dómnefndin þakkar þeim starfsmönnum sem komu að tilnefningunum góð störf. Einnig þakkar hún öllum þeim starfsmönnum sem hún hitti á ferðum sínum fyrir góðar móttökur. Að lokum vill dómnefndin þakka yfirstjórn Vegagerðarinnar það traust sem henni var sýnt. ■

Frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar

Styrkir til rannsóknaverkefna 2015

Frestur til að skila umsóknum rennur út á miðnætti miðvikudaginn 4. febrúar 2015.

Vegagerðin veitir árlega styrki til rannsóknaverkefna, en samkvæmt vegaglögum skal a.m.k. 1,5% af mörkuðum tekjum stofnunarinnar varið til rannsókna

Aðilar innan og utan Vegagerðarinnar geta sótt um fjárframlög til rannsóknaverkefna. Rannsóknarráð stofnunarinnar sér um úthlutun.

Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Innan Vegagerðarinnar starfa þrjár fagnefndir sem eru til ráðgjafar um rannsóknir innan þessara flokka. Ein um mannvirki, önnur um umferð og sú þriðja um umhverfi og samfélag. Undanfarin ár hafa þessar fagnefndir gefið út sérstök áherslusvið fyrir hin mismunandi fagsvið, en eins og á síðasta ári verður það ekki gert fyrir árið 2015. Hins vegar má minna á að hlutverk rannsókna Vegagerðarinnar er m.a. að stuðla að því að stofnunin geti uppfyllt þau markmið sem henni eru sett á hverjum tíma sem og að afla nýrrar þekkingar á starfsviði hennar. Tekið skal fram að hluta

sjóðsins mun árið 2015 verða varið til verkefna sem skilgreind verða að frumkvæði fagnefndanna.

Við skilgreiningar rannsóknaverkefna skal í upphafi áætla hverjir koma til með að nota niðurstöður úr verkefnum og gefa þeim tækifæri á að koma að mótun verkefnisins og innleiðingu niðurstaðna ef þurfa þykir. Þá er einnig bent á að mikilvægt er að kanna heimildir um fyrri rannsóknir, sem hugsanlega hafa verið gerðar, tengdar viðkomandi umsókn um verkefnastyrk.

Vegagerðin er í samstarfi við systurstofnanir sínar á Norðurlöndunum um rannsóknir. Því má gjarnan velta fyrir sér hvort verkefnahugmynd hafi norræna skírskotun, þ.e. er líklegt að það sem fjalla á um í verkefninu sé einnig áhugavert fyrir hin Norðurlöndin? Það má gjarnan koma fram í umsókninni, en ekki er gerð krafa um það.

Umsækjendur þurfa að fylla út umsóknareyðublað sem finna má á vef Vegagerðarinnar (www.vegagerdin.is) undir liðnum „Áhugavert“, sem finna má á forsíðu hans. Frestur til að skila umsóknum rennur út að kvöldi 4. febrúar 2015.

Upplýsingar um verkefni sem fá fjárveitingu verða birtar á vef Vegagerðarinnar.



Fundur um vetrarþjónustu Vegagerðarinnar á og frá höfuðborgarsvæðinu

Vegagerðin hélt fund með öllum vetrarþjónustuverktökunum á svæði þjónustustöðvar Vegagerðarinnar í Hafnarfirði föstudaginn 12. desember 2014.

Á fundinn mættu starfsmenn frá sex snjómokstursverktökum sem sinna vetrarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og vegum út frá höfuðborginni. Einnig starfsmenn Vegagerðarinnar og fulltrúar Samgöngustofu. Á fundinn mættu yfir 50 manns.

Verktakarnir voru beðnir um að mæta með snjómokstursbíla svo hægt væri að raða þeim upp í lóð Vegagerðarinnar til myndatöku og til að fundarmenn gætu skoðað þá. Í lóðina mættu 13 snjómokstursbílar.

Á fundinum sköpuðust miklar umræður um vetrarþjónustu-

mál almennt og voru menn ánægðir með að hittast og tala saman.

Borgarverk: Sinnir vetrarþjónustu á Vesturlandsvegi frá hringtorgi við Bauhaus að Hvalfjarðargöngum, Hvalfjarðarvegi og Þingvallavegi. Einnig sinnir Borgarverk vetrarþjónustu á vegum fyrir norðan Hvalfjarðargöng í Akranes og Borgarnes að Sandalsá í Norðurárdal upp undir Holtavörðuheidi, Bröttubrekkum og að Heydalsvegamótum vestur á Mýrum.

IJ. Landstak ehf: Sinnir vetrarþjónustu á Suðurlandsvegi frá hringtorgi við Norðlingaváð í Reykjavík að Selfossi. Einnig sinnir IJ. Landstak vetrarþjónustu á vegum í Ölfusi og uppsveitum Suðurlands.



Höfði og Hilmar Ólafsson: Sinna stærstu stofnbrautunum á stór-höfuðborgarsvæðinu, Vesturlandsvegi að Bauhaus, Suðurlandsvegi að Norðlingahringtorgi, Miklubraut vestur að Hringbraut, Kringlumýrarbraut, Hafnarfjarðarvegi, Reykjanesbraut frá Sæbraut að Ásbraut í Hafnarfirði. Strandgötu í Hafnarfirði, Álftanesvegi, Elliðavatnsvegi (Flóttamannaleið) Vífilstaðavegi, Arnarnesvegi, Nýbýlavegi og Breiðholtsbraut. **Íslenska gámafélagið og Kolar:** Sinna Reykjanesbraut frá Ásbraut í Hafnarfirði að Flugstöð, og Suðurnesjum. Einnig Vogavegi, Grindavíkurvegi, Sandgerðisvegi, Garðskagavegi,

Hafnarvegi, Nesvegi, Suðurstrandavegi að Krýsuvíkurvegi og Krýsuvíkurvegi.

Hlaðbær Colas: Sinna eftirliti á stór-höfuðborgarsvæðinu og á vegunum út frá höfuðborginni.

Stuttur útdráttur úr fundargerð JBS. ■

Akranes og Hvalfjarðarsveit, sjóvarnir 2014 14-058

Vegagerðin óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir og magnbólur eru:

Akranes, sjóvörn við Langasand:

Útlögn grjóts og kjarna 3.500 m³

Upptekt og endurröðun 1.000 m³

Akranes, sjóvörn við Blautós:

Útlögn kjarna um 260 m³

Hvalfjarðarsveit, sjóvörn við Býlu I:

Útlögn grjóts og kjarna 920 m³

Hvalfjarðarsveit, sjóvörn við Skipanes:

Útlögn kjarna 1.050 m³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. apríl 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
7	Óskaverk ehf., Kópavogi	39.549.800	140,1	12.072
6	Vélaleiga Halldórs Sigurðssonar, Akranesi	30.465.500	107,9	2.988
5	Ísak ehf., Reykjavík	29.628.100	105,0	2.151
4	Norðurtak ehf., Sauðárkróki	28.470.800	100,9	993
3	Próttur ehf., Akranesi	28.417.475	100,7	940
---	Áætlaður verktakakostnaður	28.227.000	100,0	750
2	Borgarverk ehf., Borgarnesi	28.058.000	99,4	581
1	Jökulfell ehf., Reykjavík	27.477.400	97,3	0

Niðurstöður útboða

Grímsey, flotbryggja við Suðurgarð 14-063

Hafnasamlag Norðurlands óskaði eftir tilboðum í ofangreint verk.

Helstu verkþættir eru:

1. Upptekt og flutningur á núverandi landstöpli.

2. Steypa landstöpul, jarðvinna og lagnir.

3. Útvegum og uppsetningu á 16 m timburflotbryggju með landgangi, botnfestum og tilheyrandi.

Verkinu skal lokið eigi síðar en 1. maí 2015.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
4	Neðansjávar ehf., Akureyri	16.946.536	117,3	5.246
3	Ístrúkkur ehf., Kópaskeri	16.439.600	113,8	4.739
2	BB byggingar ehf., Akureyri*	16.283.900	112,7	4.583
---	Áætlaður verktakakostnaður	14.449.900	100,0	2.749
1	Katla ehf., Dalvíkurbyggð	11.700.500	81,0	0

* BB byggingar ehf. skiluðu einnig inn frávikstilboði.

Vetrarþjónusta á þjóðvegum

Hér í opnunni eru kort og texti sem eru fengin úr bæklingi um vetrarþjónustu sem Vegagerðin gaf út haustið 2014.

Ákvarðanir um vetrarþjónustu eru teknar á þann hátt að Vegagerðin gerir tillögur um þjónustu og þjónustuflokka til innanríkisráðherra sem hefur ákvörðunarvald í þessum mála-flokki. Ráðuneytið auglýsir (sjá ramma) staðfestingu á reglum Vegagerðarinnar í Stjórnartíðindum.

Á heimasíðu Vegagerðarinnar er að finna ítarlega gögum um framkvæmd vetrarþjónustu, reglur, leiðbeiningar og staðla. Er það undir „þjónusta“ á forsíðu og síðan „vetrarþjónusta“.

Upplýsingaþjónustan í síma 1777 er opin frá 6:30 til 22:00 alla daga frá 15. október til 30. apríl en að sumarlagi er hún opin frá 8:00 til 16:00 á virkum dögum.

Ef veður hamlar

Í vondu veðri er mokstri oft frestað þar til veður gengur niður.

Áður en lagt er af stað

... er mikilvægt að leita sér upplýsinga um veður og færð á fyrirhugaðri leið. Sérstaklega á þetta við um ferðalög á fjallvegum og á löngum leiðum. Á lengstu leiðunum er sjálfsgætt að kanna, ef veður er tvísýnt, hvort færð eða veður hafi breyst meðan á ferð stendur.

Upplýsingar til Vegagerðarinnar

Þó að Vegagerðin kappkosti að gefa sem bestar upplýsingar, er vegna kostnaðar, ekki mögulegt að líta stöðugt eftir öllum vegum. Það er því mjög æskilegt að vegfarendur láti Vegagerðina vita um skemmdir á vegum eða ef færð er óruvísí en sagt er.

Í nálægð snjómoksturstækja

Þegar vegfarendur eru nálægt tækjum í snjómokstri er nauðsynlegt að hafa eftirfarandi atriði í huga:



- Að víkja vel fyrir snjómoksturstækjum því snjókóf getur hindrað útsýni tækjastjórnandans.
- Að halda sig alltaf í góðri fjarlægð frá tækjum í snjómokstri, minnst 20 m og aðeins fara fram úr þeim ef snjókóf frá moksturstæki hindrar ekki sýn og þegar vissá er fyrir því að tækjastjórnandinn hafi veitt vegfarandanum athygli.
- Að stoppa ekki undir snjóflóðagiljum eða á öðrum hættusvæðum, sem í flestum tilvikum eru auðþekktir staðir. Þegar komið er að tæki sem er að moka á slíkum stað skal vegfarandi bíða í góðri fjarlægð þar til leiðin er orðin greið.

Útbúnaður í vetrarferðum

Bílar þurfa að vera á góðum vetrardekkjum. Nauðsynlegt er að hafa skóflu og dráttartóg meðferðis svo og hlífðarföt, t.d. ef þarf að moka frá eða losa bíl. Gott er að hafa teppi eða hlýjan fatnað ef bíða þyrfti í bílnum. Þetta er einkum mikilvægt þegar börn eru með. Þegar snjóþyngsli eru mikil eða veðurhorfur slæmar getur þjónustustig lækkað eða snjóléttari vegir verið mokaðir í stað þeirra sem kortið sýnir, þó lengri séu. Mokað er að flugvöllum í tengslum við áætlunarflug. Vegagerðinni er heimilt að fækka þjónustudögum eða leggja niður þjónustu um lengri eða skemmri tíma ef kostnaður við hana verður óhóflegur. Slík fækkun verður auglýst vel alls staðar þar sem gefnar eru upplýsingar um færð .

Neyðartilvik

Vegagerðin veitir ekki aðstoð eftir að þjónustutíma er lokið eða þá daga sem ekki er þjónusta. Í neyðartilvikum getur því þurft að kalla út björgunarsveitir til aðstoðar og er best að leita upplýsinga hjá Neyðarlínunni í síma 112. ▶



Þjónustuflokkur 1
Leitast er við að halda yfirborði vegar að mestu lausu við snjó og ís allan sólarhringinn. Á Helliðsheiði er þó gert ráð fyrir að snjóþekja geti verið á vegi og að hann sé aðeins hálfuvarinn eins og vegir í þjónustuflokki 2.

Þjónustuflokkur 2
Í hálfu er miðað við að vegurinn sé aðeins hálfuvarinn á varasömum stöðum. Í flughálfu, eða þegar hættu er á að slík hálfu geti myndast, er gert ráð fyrir að hálfuverja allan veginn.

Þjónustuflokkur 3 og 4
Í hálfu er miðað við að vegur sé aðeins hálfuvarinn á mjög varasömum stöðum. Í flughálfu, eða þegar hættu er á að slík hálfu geti myndast, er gert ráð fyrir að hálfuverja á öllum varasömum stöðum.

- ▶ -Mikilvægt er að gefa einhverjum upp ferðaáætlun til að auðvelda leit eða til að veita aðstoð ef viðkomandi kemur ekki fram á réttum tíma.
- Aldrei skal yfirgefa bíl nema í góðu veðri og vitað sé nákvæmlega hve langt er í næstu mannabústaði eða björgunarskýli. Ef bíll er hafður í gangi, á meðan beðið er aðstoðar, skal þess vel gætt, vegna hættu á kolsýringseitrun, að útblástur frá vél berist ekki inn í bílinn.
- Ef yfirgefa þarf bíl uppi á heiðum eða fáförnum leiðum þarf að tilkynna það til lögreglu eða Vegagerðarinnar eins fljótt og hægt er.

Þegar snjóþyngsli eru mikil eða veðurhorfur slæmar getur þjónustustig lækkað eða snjóléttari vegir verið mokaðir í stað þeirra sem kortið sýnir, þó lengri séu.

Mokað er að flugvöllum í tengslum við áætlunarflug.

Vegagerðinni er heimilt að fækka þjónustudögum eða leggja niður þjónustu um lengri eða skemmri tíma ef kostnaður við hana verður óhóflegur. Slík fækkun verður auglýst vel alls staðar þar sem gefnar eru upplýsingar um færð .

Á heimasíðu Vegagerðarinnar www.vegagerdin.is og www.road.is er að finna yfirlitsskort sem sýnir færð og ástand á helstu leiðum á hverjum tíma. Eins má þar finna upplýsingar um veður og umferð svo og myndir af ástandi vega. Upplýsingar um færð og veður má einnig nálgast í textavarp á síðum 470 - 490, í talvél í síma 1779 (ath. fjögurra stafa númer) og á farsímavef m.vegagerdin.is. Sími upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar 1777 er opin frá 6:30 til 22:00 alla daga frá 15. október til 30. apríl. Á öðrum tíma árs frá 8:00 til 16.00 á virkum dögum. Það kostar jafnt að hringja í 1777 og 1779 og að hringja í almenn símanúmer. Öryggissími Vegagerðarinnar 522 1112 er opin allan sólarhringinn. Aðeins skal hringja í þetta símanúmer ef brýna nauðsyn ber til. Ef þörf er á aðstoð lögreglu, sjúkrabíls eða björgunarsveitar skal hafa samband við Neyðarlínuna í síma 112.

Stjórnartíðindi, auglýsing nr. 1000 24. október 2014

AUGLÝSING

um staðfestingu á reglum Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu á þjóðvegum.

Með vísan til 44. gr. vegalaga nr. 80/2007 tilkynnist hér með að ráðuneytið hefur staðfest reglur Vegagerðarinnar frá 1. október 2014 um tíðni vetrarþjónustu á þjóðvegum, eins og þær birtast í fylgiskjali með auglýsingu þessari.

Vegagerðin sér um allan snjómokstur á þjóðvegum og greiðir allan kostnað við mokstur þeirra leiða sem sýndar eru á vetrarþjónustukorti Vegagerðarinnar (viðauki I) og í samræmi við þær reglur sem þar eru settar fram. Vegagerðin greiðir ekki kostnað við snjómokstur sem til hefur verið stofnað án hennar samþykkis.

Þegar vegur er opnaður er stefnt að því að hann nái að þjóna venjulegri morgunumferð á hverju svæði. Lengd þjónustutíma er háð umferð á hverjum stað og er skilgreindur í vinnureglum um vetrarþjónustu.

Um nánari útfærslu reglna um vetrarþjónustu vísast til vinnureglna Vegagerðarinnar eins og þær birtast á heimasíðu stofnunarinnar hverju sinni.

Innanríkisráðuneytinu, 24. október 2014.

Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra.
Ragnhildur Hjaltadóttir.

Útboðsverk 2014

Hér er birtur listi yfir útboðsverk sem samið var um árið 2014, raðað eftir verktökum í stafrófsröð. Samningsupphæð er einnig birt.

Verktaki Verk	Samningsupphæð, kr.
Arnar Stefánsson , kt. 200562-2169 Rauðalæk, 851 Hella 14-053 Vetrarþjónusta 2014-2017, Vestur-Skaftafellssýsla, vestur hluti	9.140.900
Árni Helgason ehf. , kt. 670990-1769 Hlíðarvegi 54, 625 Ólafsfjörður 14-017 Hvammavegur (853), Staðarbraut - Kísilvegur 14-018 Dettifossvegur (862), Tóveggur - Norðausturvegur	12.430.400 124.817.100
Björgun ehf. , kt. 460169-7399 Sævarhöfða 33, 110 Reykjavík 14-045 Sauðárkrúkur, dýpkun 2014 *	23.656.325
Blettur ehf. kt. 630304-3180 Völuteigi 6, 270 Mosfellsbær 14-011 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2014, blettanir með klæðingu	66.225.780
Borgarverk ehf. , kt. 540674-0279 Sólbakka 17-19, 310 Borgarnes 14-007 Yfirlagnir á Norðursvæði 2014, klæðing 14-008 Yfirlagnir á Austursvæði 2014, klæðing 14-009 Yfirlagnir á Suðursvæði 2014, klæðing 14-010 Yfirlagnir á Vestursvæði 2014, klæðing 14-016 Svinvetningabraut (731), klæðingarendi - Kaldakinn 14-028 Vestfjarðavegur (60) um Reykjadal 14-035 Vetrarþjónusta 2014 - 2017, Akranes - Reykjavík og Þingvallavegur 14-036 Vetrarþjónusta 2014 - 2017, Borgarnes - Akranes og Brattabrekka 14-039 Festun og yfirlögn á Vestursvæði og Norðursvæði 2014	68.158.000 63.262.000 173.300.000 53.204.000 67.850.000 37.699.000 21.800.000 15.820.000 55.235.000
Fossvélar ehf. , kt. 531271-0179 Hellismýri 7, 800 Selfoss 4 14-034 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2014	25.375.000
G V Gröfur ehf. , kt. 500795-2479 Frostagötu 4a, 603 Akureyri 14-006 Endurbætur á Hringvegi (1) í Reykjadal	125.825.350
Garðlist ehf. kt. 450598-2409 Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík 14-037 Gras- og kantslátur á Suðursvæði 2014 - 2015	22.473.955
Geotækni ehf. , kt. 680907-0640 Álfhólum 13, 800 Selfoss 14-033 Seyðisfjarðarvegur (93): Fjarðarheiðargöng, rannsóknarboranir 2014	47.948.200
Héraðsverk ehf. , kt. 680388-1489 Lyngási 5-7, 700 Egilsstaðir 14-031 Borgarfjarðarhreppur, styrking brimvarnar við Hafnarhólma	11.431.200
IJ Landstak ehf. , kt. 710713-0490 Funahöfða 6, 110 Reykjavík 14-023 Vetrarþjónusta 2014-2019, uppsveitir Árnessýslu 14-024 Vetrarþjónusta 2014-2019, Selfoss - Reykjavík	22.994.000 79.910.000
Íslenska gámafélagið ehf. kt. 470596-2289 Gufunesvegi, 112 Reykjavík 14-026 Vetrarþjónusta 2014-2019, Reykjanesbraut - Suðurnes 14-040 Vestmannaeyjar, endurbuygging Binnabryggju, þekja *)	65.260.000 26.115.910
Ístrúkkur ehf. , kt. 530404-2420 Núpi, 671 Kópasker 14-055 Rauðarhöfn, endurbætur á smábátahöfn *)	21.934.800
Jarðlist ehf. , kt. 520107-2660 Ljósheimum 2, 104 Reykjavík 14-005 Hringvegur (1), Hvalnesskriður, hrunvarnir	18.079.000
Jökulfell ehf. , kt. 530105-2370 Gulapíngi 10, 203 Kópavogur 14-019 Krýsuvíkurvegur (42) 2014	54.974.000
Katla ehf. byggingarfélag , kt. 601285-0299 Melbrún 2, 621 Dalvík 14-032 Akureyri - Endurbuygging Togarbryggju, þekja og lagnir	62.992.400
Lárus Einarsson sf. , kt. 540283-0369 Dalatanga 4, 270 Mosfellsbær 13-073 Stykkishólmur - lenging ferjubryggju *)	16.422.045
Loftorka Reykjavík ehf. kt. 571285-0459 Miðhrauni 10, 210 Garðabær 14-014 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, repavefræsing og malbik 2014 14-047 Breiðholtsbraut við Norðlingaholt, göngubrú og stigar *)	122.153.200 201.183.081

Verktaki Verk	Samningsupphæð, kr.
Malbikun K-M ehf. kt. 690598-2059 Þrumutúni 8, 600 Akureyri 14-013 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2014, malbik	60.958.275
Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. , kt. 420187-1499 Gullhelli 1, 221 Hafnarfjörður 14-012 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2014, malbik	434.982.396
Malbikunarstöðin Höfði hf. , kt. 581096-2919 Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík 14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæði *)	54.360.000
Norðurtak ehf. , kt. 530598-3229 Dalatúni 14, 550 Sauðárkrúkur 14-046 Hólmavík, sjövrörn um Rífshaus 2014 14-052 Grenivík, sjövrörn 2014	4.947.500 5.284.000
Nortek ehf. , kt. 711296-4099 Eirhöfða 13, 110 Reykjavík 14-054 Víravegrið á Reykjanesbraut 2014	44.558.000
Óskatak ehf. , kt. 440107-0600 Engihjalla 25, 200 Kópavogur 1 13-007 Svinadalsvegur (502), Leiðarsveitarvegur - Kambshóll 14-025 Vetrarþjónusta 2014-2019, Höfuðborgarsvæði *)	96.022.400 46.365.000
Skipasmiðastöðin Skipavík hf. , kt. 700175-0149 Nesvegi 20, 340 Stykkishólmur 13-072 Stykkishólmur, flotbryggjur *)	21.059.200
Suðurtak ehf. kt. 561109-0790 Brjánsstöðum 2, 810 Selfoss 14-004 Endurbætur á Biskupstungnabraut (35), 2014	130.482.925
Ylur ehf. , kt. 430497-2199 Miðási 43-45, 700 Egilsstaðir 13-061 Endurbuygging Fljótsdalsvegur (933), Hrafnkelsstaðir - Upphéraðsvegur 14-027 Upphéraðsvegur (931), Bolalækur - Brekkugerði	18.363.224 76.732.993
Vestfirskir verktakar ehf. , kt. 50100-32710 Skeiði 3, 400 Ísafjörður 14-043 Ísafjarðarbær - Suðureyri, þekja og lagnir *)	39.696.070
Vörubifreiðastjórnun Mjólnir , kt. 470269-2869 Hrísmýri 1, 800 Selfoss 13-075 Meðallandsvegur (204) um Fljóttakróka	84.009.950
Þjótandi ehf. kt. 500901-2410 Ægissíðu 2, 851 Hella 14-022 Vetrarþjónusta 2014-2019, Rangárvallasýsla og Flói 14-044 Landeyjahöfn, aðkomuvegur, færsla flóðvarnar og útsýnispallur	21.030.000 35.091.700

*) Verk sem Vegagerðin bauð út í umboði viðkomandi hafnarstjórna

*) Verk sem Reykjavíkurborg bauð út og sér um.
Vegagerðin greiðir hluta kostnaðar

*) Í upphafi verks var samningi við Óskatak rift
en samið við Malbikunarstöðina Höfða skv. tilboði í útboði.

Auglýsingar útboða

Endurútboð

Húsavík, sjövrörn 2015 15-013

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í sjövrörn á Húsavík.
Um er að ræða 250 m lengingu sjövarnargarðs undir
Húsavíkurbökkum.

Helstu magnþölur:

Útlögn grjóts og kjarna 4.500 m³

Verkinu skal lokið eigi síðar en 15. maí 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7

í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum

13. janúar 2015. Verð útboðsgagna er 5.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14:00 þriðju-
daginn 27. janúar 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15
þann dag.

Efnisrannsóknir og efniskröfur – leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd

Gefin hefur verið út endurskoðuð útgáfa af ritinu *Efnisrannsóknir og efniskröfur – leiðbeiningar við hönnun, framleiðslu og framkvæmd*. Ritid er að finna á vefslóð Vegagerðarinnar, <http://www.vegagerdin.is/upplýsingar-og-utgafa/leidbeiningar-og-stadlar/efnisrannsóknir/>. Þar sem talsverðar breytingar hafa orðið, bæði á meginköflum og viðaukum, er mikilvægt fyrir notendur að skipta út prentuðum eintökum.

Markmið ritsins er að leiðbeina hönnuðum og verktökum við val og vinnslu á efnunum til vegagerðar og notkun þeirra í vegi. Fjallað er um efni í mismunandi lög vegghlotsins, fyllingu, styrktarlag, burðarlag og slitlag og settar fram kröfur sem taka mið af umferðaralagi.

Ritid er stuðningsrit við *Alverk* með ýtarlegum leiðbeiningum um þætti er varða efnisrannsóknir og kröfur við hönnun, framleiðslu og framkvæmd í vegagerð. *Alverk* er hins vegar verklýsing sem lýsir ákvæðum um hlutverk og ábyrgð verkta á framleiðslu- og framkvæmdastigi. Veghönnuðir sækja gjarnan upplýsingar um efnisrannsóknir og efniskröfur í leiðbeiningaritid og setja fram í sérverklýsingu.

Þar sem Ísland er aðili að Evrópska efnahagssvæðinu (EES)

Efnisyfirlit leiðbeiningarits:	
Kafla 1	Formáli
Kafla 2	Inngangur
Kafla 3	Fylling
Kafla 4	Styrktarlag
Kafla 5	Burðarlag
Kafla 6	Slitlag
Kafla 7	Steinsteypa (í vinnslu)
Viðauki 1	Lýsing á prófunaræðferðum
Viðauki 2	Efnisgerðir við vega- og gatnagerð
Viðauki 3	Jarðmyndanir – byggingarefni við vegagerð
Viðauki 4	Gerðarprófanir, framleiðslueftirlit og frávikskröfur
Viðauki 5	Sýnataka
Viðauki 6	Vinnsluæðferðir
Viðauki 7	Orðalisti – skilgreiningar og skýringar
Viðauki 8	Ýtarefni um malbik

gilda Evrópustaðlar fyrir prófanir og framleiðslu steinefna og vegagerðarefna hér á landi. Ritid er því í samræmi við Evrópustaðla sem eiga við í vegagerð og íslenska fylgistaðla þeirra, ÍST 75 (Framleiðsla á malbiki) og ÍST 76 (Framleiðsla á steinefnum).

Við árlega endurskoðun er þess gætt að tekið sé mið af niðurstöðum nýjustu rannsókna á vegagerðarefnum, enda er stöðugt unnið að þróun meðal annars á nýjum efnisgerðum og framleiðslutækni.

Fjallað er um hvert lag vegarins í aðskildum köflum og með þeim hætti að hver kafla geti verið sjálfstæð handbók um efnisrannsóknir og efniskröfur fyrir viðkomandi lag vegarins. Í köflum 3 til 6 er umfjöllun um lög vegarins og er farið upp á við gegnum vegghlotið, um fyllingu, styrktarlag, burðarlag og upp í slitlag. Einnig er í vinnslu kafla 7 þar sem fjallað er um efni í steypu mannvirki. Í viðaukum eru ýmsar upplýsingar og fróðleikur. Þar á meðal eru lýsingar á hinum ýmsu prófunaræðferðum fyrir vegagerðarefni, en auk þess eru viðaukar um efnisgerðir, jarðmyndanir, gerðarprófanir og framleiðslueftirlit, sýnataka og vinnsluæðferðir. Í viðauka 7 er yfirgripsmikill orðalisti með skilgreiningum og skýringum á alls 960 orðum sem varða efni ritsins. Þá er í viðauka 8 birt ýtarefni um malbik.

Í byrjun mars 2015 stendur til að endurtaka námskeið um efnisrannsóknir og efniskröfur í vegagerð. Námskeiðið er ætlað þeim sem koma að hönnun, framleiðslu, framkvæmd og eftirliti í vegagerð. Markhópurinn eru þeir starfsmenn Vegagerðarinnar, verkfræðistofur, sveitarfélög, verktakar og framleiðendur vegagerðarefna sem vinna með bundin og óbundin steinefni í vega- og gatnagerð. ■

Gunnar Bjarnason og Pétur Pétursson skrifa:



Malbikun á Þingvöllum.



Bætt við steyptan varnargarð undir Spilli árið 1960. Myndina tók Jón J. Víðis en pilturinn sem situr á járnabekknunum er líklega Jakob Hálf-danarson sem var aðstoðarmaður Jóns við landmælingar.

Pá og nú, Súgandafjarðarvegur (65) undir Spilli

Gömlu myndirnar sem að þessu sinni eru bornar saman við nútímann eru úr safni Jóns J. Víðis og sýna Súgandafjarðarveg þar sem hann liggur utan við Suðureyri til tveggja bæja í Staðardal. Þeir eru Bær og kirkjustaðurinn Staður. Fjallið yfir veginum heitir Spillir.

Í árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 1951 eftir Kristján G. Þorvaldsson, segir um þennan veg: „Stuttum spöl utan við hafnargarðinn þverbeygist landið til vesturs, undir svonefndan



Spilli, sem mörgum finnst bera nafn með rentu. Spillir er allmikill, sæbrattur höfði, og er leiðin undir honum á annan kílómetra. Alls staðar eru klettur með sjónum og á nokkru bili ná þeir upp á efstu brún. Leið þessi sem nefnist Spillisfjörur, hefur jafnan verið fjölfarin og var fyrrum ill yfirferðar og ófær um flæðar, ef brim var, því þá gekk sjór í kletta. Nú hefur akvegur verið lagður þessa leið. Er víða steypur veggur framán við veginn til varnar gegn hafróti. Leiðin má kallast hættuleg, því að steinkast verður þar tíðum í votviðrum, og á vetrum falla oft snjóflóð úr Spilli. Engar sagnir eru þó um slyss á þeirri leið, en oft hefur hurð skolið nærri hælum.“

Vatnslögn hefur lengi verið úr Staðardal til Suðureyrar. Hugsanlega hefur steypiti stoðveggurinn verið til að verja hana fyrir ágangi sjávar um leið og veggurinn studdi við veginn.


Eldri myndin hér til hliðar var tekin árið 1963 en sú nýja í lok ágústmánaðar 2014. Eins og sjá má hefur vegurinn verið breikkaður talsvert og ekkert sést lengur af steypu varnarveggjunum.

Í BB var frétt þann 14.11.2001 um að verulegar skemmdir hefðu orðið á veginum undir Spilli í óveðri aðfaranótt laugardagsins 10. nóvember 2001 og hefði vegurinn hreinsast burt á kafla. Vatnslögnin lá þá ber eftir og þótti með ólíkindum að hún skyldi ekki fara í sundur þar sem hún lamdist í grjótið í fjörinni.

Vegurinn er að mestu óvarinn fyrir vestanöldu og þarf að lagæra hann af og til eftir óveður þótt ekki hafi aftur farið jafn illa og 2001. ■



Pá . . .



. . . og nú

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaraust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
15-012 Búrfellsvegur (351) Búrfell - Þingvallavegur	2015
15-009 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, repave/fræsing og malbik	2015
15-007 Yfirlagnir á Suðursvæði og Vestursvæði 2015, malbik	2015
15-008 Yfirlagnir á Norðursvæði og Austursvæði 2015, malbik	2015
15-003 Yfirlagnir á Suðursvæði 2015, klæðing	2015
15-004 Yfirlagnir á Vestursvæði 2015, klæðing	2015
15-002 Yfirlagnir á Norðursvæði 2015, klæðing	2015
15-001 Yfirlagnir á Austursvæði 2015, klæðing	2015
15-015 Norðfjarðarvegur (92), brú á Eskifjarðará	2015
15-016 Efnisvinnsla á Austursvæði 2015	2015
15-011 Sólheimajökulsvegur (221), Hringvegur - Þjónustuhús og Landeyjavegur (221), Hringvegur - Uxahryggur I	2015
15-010 Kokkálsvíkurböfn, endurbýgging furubryggju	2015
15-006 Yfirlangir á Suðursvæði og Austursvæði 2015, blettanir með klæðingu	2015
15-005 Yfirlagnir á Vestursvæði og Norðursvæði 2015, blettanir með klæðingu	2015
14-029 Reykholtaldalsvegur (519) og Hvítársíðuvegur (523), Stóri Ás - Gilsbakki	2015
14-003 Hringvegur (1) um Jökulsá á Fjöllum, brú og vegur	2015
13-067 Sjóvarnir Vestmannaeyjar 2013	2015

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
15-013 Húsavík, sjónvörn 2015	12.01.15	27.01.15
15-014 Niðurrekstrarstaurar undir brú á Eskifjarðará	12.01.15	03.02.15
14-062 Efnisvinnsla á Suðursvæði 2015	15.12.14	13.01.15

Útboð í forvalsferli	Auglýst:	Opnað:
14-042 Bakkavegur Húsavík, Bökugarður - Bakki, forval jarðgöng og vegagerð	02.06.14	15.07.14

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
14-058 Sjóvarnir á Akranesi og Hvalfjarðarsveit	01.12.14	16.12.14
14-063 Grímsey, flotbryggja við Suðurgarð	08.12.14	23.12.14
14-061 Hjalteyri, sandfangari 2014	24.11.14	09.12.14

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
Engir samningar hafa verið gerðir frá því síðasta tölublað kom út.		

Metumferð á höfuðborgarsvæðinu 2014

Meiri umferð en árið 2008 sem átti fyrra met

Áður bit á vegagerdin.is 07.01.2015

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu jókst lítillega í desember frá sama mánuði ári áður. Umferðin á svæðinu allt árið jókst um rúm þrjú prósent og aldrei hefur mælst meiri umferð en í fyrra. Sama á við um umferðina á Hringvegnum.

Umferðin í desember

Umferðin á höfuðborgarsvæðinu jókst einungis um 0,4% milli desember mánaða 2014 og 2013 en meðalvöxtur milli desembermánaða á árunum frá 2005 til 2013 er 1,1%. Þessi niðurstaða er því vel undir meðaltali undanfarinna ára. Nú í ár mælist mikill munur milli nóvember og desember. Slíkt er ekki óþekkt þótt að meðaltali sé umferðin svipuð í þessum mánuðum. Gera má ráð fyrir að slæm tíð í nýliðnum desember og frekar hagstæð tíð í nóvember, sama ár, hafi ýkt muninn nú.

Árið í heild sinni

Þegar árið er gert upp liggur það fyrir að umferðin jókst í hverjum einasta mánuði ársins 2014 borin saman við sama mánuð fyrir árið 2013. Slíkt hefur aðeins gerst einu sinni áður, frá því að þessi samantekt hófst, en það var árið 2007. Í heild jókst umferðin um 3,1% milli áruna 2014 og 2013. Þótt þessi vöxtur sé tvöfalt minni en á Hringvegi þarf enn og aftur að leita aftur til ársins 2007 til að finna meiri vöxt á milli ára á þessu svæði. Lengi var fyrirséð að það stefndi í met ár í umferðinni á höfuðborgarsvæðinu og var svo komið að desemberumferð 2014 hefði þurft að vera mun minni en í sama mánuði 2013 svo sú spá gengi ekki eftir. Þessi litli vöxtur dugði því til að nýtt met var slegið í umferðinni um höfuðborgarsvæðið. Umferðin nýliðið ár varð rúmlega 1% meiri en hún hafði áður mælst mest en það var árið 2008.

Umferðin eftir vikudögum

Þegar umferð eftir vikudögum er skoðuð kemur talsvert annað mynstur í ljós en á Hringvegi. Föstudagar eru sannarlega stærstir eins og á Hringvegi en ekki eins afgerandi stórir. Helgarumferð er einnig hlutfallslega mun minni en út á þjóðvegum. Þegar umferð eftir vikudögum er borin saman á milli ára sést að umferðin eykst langmest á virkum dögum og allra mest á þriðjudögum eða um heil 15,5%. Þetta gæti verið vísbending um að umferðaraukningin sé byggð á aukinni virkni atvinnulífsins á höfuðborgarsvæðinu. ■

Auglýsingar útboða

Niðurrekstrarstaurar undir brú

á Eskifjarðará 15-014

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í framleiðslu og flutning á steiptum niðurrekstrarstaurum undir brú á Eskifjarðará á Norðfjarðarvegi.

Helstu magntölur eru:

Framleiðsla niðurrekstrarstaura 1.640 m
Flutningur niðurrekstrarstaura 300 tonn
Verklok eru fyrir 30. mars 2015.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með þriðjudeginum 13. janúar 2015. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudeginum 3. febrúar 2015 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.